

5. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 19. janúar kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Þór Örn Jónsson, bæjarritari Stykkishólmsbæjar
- Róbert Ragnarsson, Gunnar Úlfarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Berglind Axelsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, Sigrún Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri Leikskólans í Stykkishólmi og Magnús Ingi Bæringsson, æskulýðs- og tómstundarfulltrúi Stykkishólmsbæjar komu á fund nefndarinnar kl. 17:30.

1. Framhald umræðu um fjármál

RR fór yfir drög að minnisblaði um fjármál. Þór fór yfir fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar og kynnti fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Jakob fór yfir fyrirhuguð fjárfestingarverkefni Stykkishólmsbæjar árið 2022 sem koma fram í fjárhagsáætlun.

2. Fræðslu- og frístundaþjónusta og málefni eldri borgara

Berglind fór yfir núverandi stöðu Grunnskólans í Stykkishólmi og þá aðallega húsnæðismálin. Sérstakur húsnæðishópur var settur á laggirnar sem er byrjaður að funda og reynir að finna lausn á húsnæðisvanda skólans. Sigrún fór yfir núverandi stöðu Leikskólans í Stykkishólmi, nemendafjölda og stöðugildi. Magnús fór yfir fyrirkomulag frístunda- og æskulýðsstarfs, þátttöku og aðgengi að starfinu bæði fyrir nemendur í grunnskólum og starf fyrir 60 ára og eldri. Starfshópur var skipaður í Stykkishólmsbæ um stefnumörkun í málefnum 60 ára og eldri sem hefur að mestu leyti lokið sinni vinnu en niðurstöður þeirrar vinnu munu liggja fyrir á næstu misserum.

Framtíðarsýn í málaflokkinum var rædd. Umræðu í málaflokknum frestað til næsta fundar.

3. Framhald umræðu um stjórnskipulag

RR fór yfir drög að nefndaskipan mögulega sameinaðs sveitarfélags. Umræða fór fram um útfærslu á sveitaráði/dreifbýlisráði og verkefni ráðsins. Ráðgjöfum falið að stilla upp drögum að skipuriti með 11 fastanefndum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:35. Næsti fundur nefndarinnar verður 22. febrúar kl. 9:30.